



Fundargerð aðalfundar Félags húseigenda á Spáni.

Aðalfundur FHS haldinn laugardaginn 16. febrúar 2019, kl. 13:00 í Akóges salnum, Lágmúla 4, Reykjavík.

Fundurinn er lögmætur þar sem 25 félagsmenn mættu á fundinn.

Dagskrá.

- **Kosning fundarstjóra og fundarritara**

Fundarstjóri kosinn Sigurður Steinþórsson

Fundarritari kosin Aðalbjörg J. Finnbogadóttir

- **Skýrsla stjórnar**

Víðir Aðalsteinsson formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar. Sagði hann frá starfi félagsins á liðnu starfsári en megin verkefni þess er að vinna að öryggismálum félagsmanna.

- **Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins**

Bjarni Jarlsson gjaldkeri stjórnar lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins. Staða þess er góð en hagnaður ársins 2018 er kr. 77.254 kr. sem er mikill viðsnúningur frá tapi á árinu 2017. Eigið fé félagsins er 4.639.822 kr.

- **Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga**

Engar athugasemdir voru gerðar við skýrslu stjórnar. Fundarmenn lýstu ánægju sinni með starf félagsins. Fundarstjóri bar upp reikninga félagsins til samþykktar eða synjunar. Þeir samþykktir samhljóða.

- **Kosning formanns**

Sjálfkjörinn var Jón Hólm Stefánsson

- **Kosning fjögurra manna í aðalstjórn**

Sjálfkjörnir voru:

Steinunn Þóra Camilla Sigurðardóttir

Karl Kristján Hafstein Guðmundsson

Ólafur Rúnar Sigurðsson

Ólafur Unnar P. Magnússon

- **Kosning tveggja manna í varastjórn**

Sjálfkjörnir voru:

Víðir Aðalsteinsson

Bjarni Jarlsson

- **Kosning tveggja skoðunarmanna reikning**

Jón Steinn Elíasson

Viðar Marel

- **Tekin ákvörðun um árgjald í félaginu**

Tillaga stjórnar um 5000 kr. árgjald 2020 var samþykkt samhljóða.

- **Lagabreytingar**

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir kynnti tillögur stjórnar að lagabreytingum. Megin breytingin fjallar um breytingu á lögmæti aðalfundar en skv. nógildandi lögum er aðalfundur lögmætur sé löglega til hans boðað og hann sækja 10% félagsmanna eða umboðsmenn þeirra. Taldi stjórnin að það væri nægjanlegt að telja aðalfundinn lögmætan væri löglega til hans boðað. Eftirfarandi tillögur stjórnar að lagabreytingum voru samþykktar samhljóða:

Breytingar á 3.gr., 4.gr, 6.gr. 7.gr. og 8.gr. Fram kom breytingatillaga við breytingatillögu stjórnar á 5.gr. laga þess efnis að tekið yrði út ákvæði um að hægt væri að tilkynna framboð til stjórnar á aðalfundi. Breytingatillagan var samþykkt samhljóða.

Aðá öðru leiti er vísað til nýsamþykktra laga félagsins.

- **Önnur mál**

- Fráfarandi formaður kvaddi sér hljóðs undir önnur mál til að þakka sérstaklega tveimur félagsmönnum þeim Burkna Aðalsteinssyni og Þresti Kristóferssyni framlag þeirra til félagsins.

Burkni hefur sé um prentun félagsskýrteina og sendingu þeirra til félagsmann auk þess sem hann hefur verið stoð og stytta félagsins varðandi hönnun þeirra.

Þröstur bjó til heimasíðu félagsins og hefur uppfært hana og komið með góðar hugmyndir að efni og uppsetningu hennar.

- Nýkjörinn formaður, Jón Hólm Stefánsson, kvaddi sér hljóðs og kvaðst myndi vinna að eflingu félagsins og framgangi þess. Hann myndi vinna áfram að hagsmunamálum félagsmanna og þá sérstaklega öryggismálunum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið 14:25.

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir fundarritari